Innkaupastefna Kópavogsbæjar

Innkaupastefnan byggir á heildarstefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum sem eru fengin úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefnan tekur mið af gæðastefnu og stefnu fjármálasviðs ásamt því að hafa aðrar stefnur og áætlanir Kópavogsbæjar til hliðsjónar. Stefnan tekur einnig mið af verkefnum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eru brennidepli hverju sinni og samtaka um hringrásarhagkerfi. Innkaup eiga við um vörur, verk og þjónustu.

Tilgangur

Markmið innkaupastefnu er að tryggja að innkaup séu samkvæmt lögum og reglum um opinber innkaup og séu ábyrg, hagkvæm, vistvæn, heiðarleg og gagnsæ.

Ábyrgð

Bæjarstjórn og bæjarráð Kópavogsbæjar bera ábyrgð á að setja innkaupastefnu og að fram fari árlegt endurmat. Bæjarráð ber ábyrgð á útboðsskyldum innkaupum og innkaupadeild ber ábyrgð á framkvæmd, auglýsingu útboða og verðfyrirspurna undir handleiðslu lögfræðideildar. Sviðsstjóri fjármálasviðs ber ábyrgð á að innkaupadeild annist framkvæmd stefnunnar og geri það í samstarfi við sviðsstjóra allra sviða. Deildarstjóri innkaupadeildar ber ábyrgð á að skapa umgjörð um innkaup sem styður við starfsfólk til að tryggja að þeim sé beint í viðeigandi farveg samkvæmt lögum og reglum og sinnir eftirliti. Sviðstjórar, deildarstjórar og annað starfsfólk sem fer með innkaup bera ábyrgð á að þau séu gerð samkvæmt lögum, reglum og verkferlum.

Kópavogsbær skal:

- Sýna ráðdeild í innkaupum og gæta að hagsmunum bæjarbúa.
- Beita útboðum, verðfyrirspurnum og verðkönnunum samkvæmt lögum um opinber innkaup og innkaupareglum.
- Kaupa inn samkvæmt gildandi samningum.
- Gæta jafnræðis og meðalhófs í innkaupum með tilliti til verðs og gæða, umhverfis-, loftlags-, samfélags-, heilsu- og öryggissjónarmiða.
- Velja kost sem er síður skaðlegur umhverfi, loftslagi og heilsu, samanborið við aðra kosti sem uppfylla sömu þörf, og hefur jafnframt sama eða lægri líftímakostnað.
- Gera þarfa- og kostnaðargreiningu fyrir innkaupaflokk í heild yfir áætlaðan tíma innkaupa sem lögð er til grundvallar við mat á útboðsskyldu út frá heildarverðmæti og lengd samnings.
- Ávallt haga aðkomu sinni að vali birgis í samræmi við gildandi starfshætti, ábyrgð og siðareglur.
- Tryggja gagnsæi innkaupa með skráningu, greiningu gagna, yfirsýn yfir gildandi samninga og markvissu birgjamati og nota viðeigandi upplýsingakerfi.
- Vera með aðgengilegt fræðsluefni og reglubundna fræðslu fyrir starfsfólk sem sér um innkaup.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026